

Efni: Orkugerðin, staða mála vegna lyktareyðingar og endurbóta



Til upplýsinga fyrir nágranna,


nú liggja fyrir tillögur frá finnskum ráðgjöfum vegna uppsetningar á svokölluðum biofilter til að fjarlægja lykt frá starfseminni.

Breytingar snúast um að hólfa verksmiðjuna og setja viðbótar útsog við þá staði þar sem helst verður til lykt. Með þessu minnkar í leiðinni sú lykt sem er innan verksmiðjunnar.

Jafnframt þarf að stýra hita- og rakastigi þess lofts sem er sögið út áður en það fer í biofilterinn. Það þarf mikla lagnavinnu til að stýra útsogi með þessum hætti.

Fyrir neðan má sjá teikningar af kerfinu ásamt biofilter sem verður utan við verksmiðjuhúsið.





Í sláturtíð í haust, er mesta álagið er á verksmiðjunni, þá verða gerðar mælingar til að tryggja að kerfið ráði við það mesta sem getur orðið.

Í framhaldi er hægt að ganga frá lokahönnun og undirbúa framkvæmdir.

Unnið verður í uppsetningu lagna og raka-/hitastýringar í vetur. Næsta sumar verður biofilter settur upp svo kerfið verði fullbúið fyrir sláturtíð 2027.

Í sumar hefur verið steipt yfir gólfið í hluta vinnslusalarins og settur í hiti í gólfið. Þetta auðveldar þrif sem dregur úr lyktarmengun, sjá mynd.



Annað verkefni er á lokastigi og það er tenging á svokölluðum „High pressure return“ sem skilar háþrýstri gufu til baka ketilsins og stöðvar gufublástur sem hefur verið frá ketilhúsinu sumum nágrönnum til ama. Sjá eftirfarandi mynd (rauði búnaðurinn).



Núverandi efnahreinsun verður keyrð áfram svo og ozonkerfið. Vonast er til að þessi tvö kerfi, nýtt móttökusíló og auðveldari þrif með lagfærðu gólfi dragi verulega úr þeirri lykt sem verið hefur frá starfseminni en ljóst að fullnaðarlausn verður ekki fyrr en með umræddum breytingum og biofilter.

Stjórn Orkugerðarinnar mun upplýsa nágranna um það hvernig þessum úrbótum framvindur uns þeim verður lokið.

F.h. stjórnar Orkugerðarinnar

Steinþór Skúlason stjórnarformaður